

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 465, 27. nóvember 1990,
um veiðar í atvinnuskyni með áorðnum breytingum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal heildaraflí, miðað við áætlaðan línuafli í janúar og febrúar og úthlutað aflamark úr helstu botnfisktegundum verða:

	Heildaraflí (þús.lestir)	Áætlað utan aflamarks Línuafli (þús.lestir)	Úthlutað aflamark (þús.lestir)
1. Þorskur	245	7	238
2. Ýsa	48	1	47
3. Ufsi	65		65
4. Karfi	55		55
5. Grálúða	33		33
6. Skarkoli	7		7

Aflí samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1991.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55/1991, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Þó má magn matvæla sem aðilar sem taldir eru upp í 2. tölul. 2. gr. flytja inn vera 9 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 9. apríl 1991.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.